

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/630**

2022/EES/34/06

frá 16. febrúar 2021

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tiltekna flokka vara sem eru undanþegnin opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum h-lið 48. gr. og k-lið 1. mgr. 77. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með h-lið 48. gr. og k-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykka framseldar gerðir til að fastsetja í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði tilteknar vörur sem skapa litla áhættu, þ.m.t. samsettar afurðir, geta verið undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og til að mæla fyrir um reglur um framkvæmd tiltekins opinbers eftirlits með þessum vörum.
- 2) Áhættan sem samsettar afurðir skapa fyrir heilbrigði manna og dýra ræðst af tegundum innihaldsefna og skilyrðum við geymslu þeirra og þökkun. Samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki unnið kjöt sem innihaldsefni og sem þarf hvorki að flytja né geyma við stýrt hitastig, skapa minnstu áhættuna að því er varðar heilbrigði dýra og örverufræðilegt öryggi matvæla. Þetta er tilfellið þegar um er að ræða mjólkur- og eggjaafurðir í samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu, sem hafa fengið meðhöndlun meðan á framleiðslu þeirra stóð, s.s. dauðhreinsun eða meðhöndlun með leifturhitun, til að útrýma áhættunni. Áhættan fyrir heilbrigði dýra og örverufræðilegt öryggi matvæla minnkar þegar samsettar afurðir eru pakkaðar í tryggunum umbúðum eða þéttlokaðar.
- 3) Áhættan af völdum efna fyrir öryggi matvæla minnkar þó ekki við meðhöndlun sem fær samsettar afurðir til að halda stöðugleika við geymslu. Frá sjónarhorni matvælaöryggis m.t.t. efna má undanskilja tilteknar samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki unnið kjöt, frá opinberu eftirliti við landamæraeftirlitsstöðvar að því tilskildu að unnar afurðir úr dýraríkinu, sem eru innihaldsefni í samsettu afurðunum, séu framleiddar í starfsstöðvum sem eru staðsettar í þriðju löndum sem hafa heimild til að flytja þessar unnu afurðir úr dýraríkinu inn í Sambandið eða í starfsstöðvum sem eru staðsettar í aðildarríkjum.
- 4) Samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki unnið kjöt, ættu að vera framleiddar í þriðja landi sem er skráð í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB ⁽²⁾. Þriðja land sem framleiðir samsettar afurðir ætti annaðhvort að vera með samþykka áætlun um eftirlit með efnaleifum fyrir hvert innihaldsefni úr dýraríkinu í samsettri afurð eða fá innihaldsefni úr dýrum frá aðildarríki eða frá öðru þriðja landi sem er skráð í ákvörðun 2011/163/ESB að því er varðar þessar vörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 132, 19.4.2021, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).

- 5) Að teknu tilliti til lítillar áhættu af tilteknum samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki unnið kjöt, fyrir heilbrigði manna og dýra þykir rétt að undanskilja þær frá opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og skrá þær í viðaukann við þessa reglugerð með númerum þeirra úr sameinuðu nafnaskránni (SN) eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽³⁾.
- 6) Tilteknar samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki unnið kjöt, sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við þessa reglugerð og koma inn í Sambandið frá þriðju löndum ættu að vera með meðfylgjandi eigin staðfestingu sem stjórnandi matvælafyrirtækisins, sem flytur þær inn, lætur í té.
- 7) Til að tryggja að tilteknar samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki unnið kjöt, sem eru undanþegnar eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við þessa reglugerð uppfylli kröfur varðandi heilbrigði manna og dýra ættu lögbær yfirvöld að sinna opinberu eftirliti reglulega, á grundvelli áhættu og með viðeigandi tíðni, á viðtökustaðnum, á staðnum þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu, í vörugeymslunni eða á athafnasvæði rekstraraðilans sem ber ábyrgð á sendingunni.
- 8) Reglur um samsettar afurðir sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um opinbert eftirlit sem á að inna af hendi með slíkum samsettum afurðum tengjast efnislega og ætlast er til að þeim sé beitt samhliða. Fyrir sakir einföldunar og gagnsæis og eins til að greiða fyrir beitingu þeirra og komast hjá margföldun reglna ætti því að mæla fyrir um þær í einni gerð frekar en í aðskildum gerðum með mörgum millivísunum og hættu á tvítekingum.
- 9) Undanþágur frá opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum með tilteknum samsettum afurðum eru þegar fyrir hendi samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB ⁽⁴⁾. Þar eð mælt er fyrir um undanþágur fyrir afurðir í þessari reglugerð sem falla sem stendur undir ákvörðun 2007/275/EB ætti að fella brott tiltekin ákvæði í þeirri ákvörðun frá og með þeim degi sem reglugerð þessi kemur til framkvæmda og breyta ætti þeirri ákvörðun til samræmis við það.
- 10) Lýðheilsukröfur vegna komu samsettra afurða inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽⁵⁾, gilda þó ekki fyrir en frá og með 21. apríl 2021. Á sama hátt gilda dýraheilbrigðiskröfur vegna komu samsettra afurða inn í Sambandið, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽⁶⁾, ekki fyrir en frá og með 21. apríl 2021. Til samræmis við það ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru settar reglur varðandi:

- 1) í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði samsettar afurðir eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og hvenær slík undanþága er réttlæt看leg,
- 2) framkvæmd sérstaks opinbers eftirlits með samsettum afurðum sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir samsettar afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum (Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „samsett afurð“: samsett afurð eins og hún er skilgreind í 14. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
- 2) „samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu“: afurðir sem þarf hvorki að flytja né geyma við stýrt hitastig.

3. gr.

Samsettar afurðir sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum

1. Samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki unnið kjöt og eru skráðar í viðaukanum, skulu undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum að því tilskildu að slíkar afurðir uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

- a) þær uppfylla kröfur vegna komu inn í Sambandið sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
- b) allar mjólkur- og eggjaafurðir í samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu hafa hlotið meðhöndlun í samræmi við a-lið 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692,
- c) þær eru auðkenndar sem afurðir ætlaðar til manneldis og
- d) þær eru pakkaðar í tryggum umbúðum eða þéttlokaðar.

2. Þegar samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem um getur í 1. mgr., eru settar á markað skal eigin staðfesting fylgja með þeim í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í V. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 (7).

4. gr.

Opinbert eftirlit með samsettum afurðum sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum

1. Lögbær yfirvöld skulu reglulega sinna opinberu eftirliti með samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., á grundvelli áhættu og með viðeigandi tíðni, að teknu tilliti til viðmiðananna sem um getur í 2. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2. Opinbert eftirlit, sem um getur í 1. mgr., skal fara fram á einhverjum af eftirfarandi stöðum innan tollsvæðis Sambandsins:

- a) viðtökustaðnum,
- b) staðnum þar sem vörunar eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu,
- c) vörugeymslum eða athafnasvæði rekstraraðilans sem ber ábyrgð á sendingunni.

3. Opinbera eftirlitið sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmt í samræmi við 45. og 46. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

(7) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjttíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

5. gr.

Breytingar á ákvörðun 2007/275/EB

Ákvörðun 2007/275/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 6. gr. fellur brott.
- 2) Ákvæði II. viðauka falla brott.

6. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Skrá yfir samsettar afurðir sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum (3. gr.)

Í þessari skrá eru tilgreindar samsettar afurðir, í samræmi við sameinuðu nafnaskrána sem er notuð í Sambandinu, sem þarf ekki að leggja fram til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum.

Athugasemdir í tengslum við töflu:

1. dálkur – SN-númer

Í þessum dálki kemur fram SN-númerið. Sameinaða nafnaskráin, sem komið var á fót með reglugerð (EBE) nr. 2658/87, er byggð á samræmdri vörulýsingar- og vörunúmeraskrá (samræmd tollskrá (ST)) sem tollasamvinnuráðið, nú Alþjóðatollastofnunin, tók saman og var samþykkt með ákvörðun ráðsins 87/369/EBE ⁽¹⁾. Í sameinuðu nafnaskránni eru notaðir sex tölustafa vöruliðir og undirliðir ST-skrárinnar. Sjöundi og áttundi tölustafurinn greina enn frekar undirliðina í sameinuðu nafnaskránni.

Ef notaður er fjögurra, sex eða átta tölustafa kóði sem er ekki merktur með „úr“ og ef annað er ekki tekið fram er ekki skylt að leggja þær samsettu afurðir sem hafa þennan fjögurra, sex eða átta tölustafa kóða sem forskeyti eða sem falla undir þessa fjóra, sex eða átta tölustafi, fram til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum.

Ef einungis tiltekna sértækar samsettar afurðir, sem falla undir fjögurra, sex eða átta tölustafa númer, innihalda dýraafurðir og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til í sameinuðu nafnaskránni er númerið merkt með „úr“. Til dæmis, að því er varðar „úr 2001 90 65“, er ekki gerð krafa um eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum fyrir vörurnar sem eru tilgreindar í 2. dálki.

2. dálkur – Skýringar

Í þessum dálki eru nánari upplýsingar um samsettar afurðir sem falla undir undanþágu frá opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum.

SN-númer	Skýringar
(1)	(2)
1704, úr 1806 20, úr 1806 31 00, úr 1806 32, úr 1806 90 11, úr 1806 90 19, úr 1806 90 31, úr 1806 90 39, úr 1806 90 50, úr 1806 90 90	Sælgæti (þ.m.t. sætindi), súkkulaði og önnur tilreidd matvæli sem innihalda kakó sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.
úr 1902 19, úr 1902 30, úr 1902 40	Pasta, núðlur og kúskús sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.
úr 1905 10, úr 1905 20, úr 1905 31, úr 1905 32, úr 1905 40, úr 1905 90	Brauð, kökur, kex, vöflur og kexþynnur, tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.
úr 2001 90 65, úr 2005 70 00, úr 1604	Ólífur, fylltar með fiski, sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.
2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. Brenndar síkórúrætur og annað brennt kaffilíki og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.
úr 2104	Súpukraftur og bragðefni í pakkningum fyrir lokaneytendur sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 87/369/EBE frá 7. apríl 1987 um niðurstöður alþjóðlegs samnings um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá og bókun um breytingu við hann (Stjtið. EB L 198, 20.7.1987, bls. 1).

úr 2106	Fæðubótarefni í pakkningum fyrir lokaneytendur sem innihalda unnar dýraafurðir (þ.m.t. glúkósamín, kondróítín eða kítósan) sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.
úr 2208 70	Líkjarar og áfengisblöndur (cordials) sem uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr.